

**Nefndasvið Alþingis
Umhverfisnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík**

12. mars 2003
Skjalanúmer: 110-0
Tilvísun: U20030200111/kg

Frumvarp til laga um varnir gegn mengun sjávar, förgun skipa og loftfara, 53. mál

Vísað er til erindis umhverfisnefndar, dags. 11. febrúar sl., þar sem óskað var umsagnar Umhverfisstofnunar um frumvarp til laga um varnir gegn mengun sjávar, förgun skipa og loftfara, 53. mál.

Hinn 1. janúar 2003 tók Umhverfisstofnun við verkefnum og hlutverki Náttúruverndar ríkisins, Hollustuverndar ríkisins, embættis veiðistjóra, dýraverndarráðs og hreindýraráðs. Stofnunin hefur mjög víðtækt starfsvið á sviði umhverfismála. Má þar nefna eftirlit málefni er varða varnir gegn mengun sjávar og umsjón með alþjóðlegum samningum þar að lútandi s.s. Lundúnarsamningurinn frá 1972 um varnir gegn mengun hafsins vegna losunar úrgangsefna og annarra efna í það og OSPAR samningurinn frá 1992 um verndun hafrýmis NA-Atlantshafsins.

Umhverfisstofnun er ljós hinn mikli vandi sem skipsflök á ströndum og óreiðuskip í höfnum skapa og telur brýnt að tekið verði á þessu atriði. Stofnunin telur þá leið sem frumvarpið gerir ráð fyrir ekki rétta einkum ljósi þeirrar stefnu sem íslensk stjórnvöld hafa mótað sér í alþjóðlegu samstarfi um varnir gegn mengun sjávar.

Umhverfisstofnun bendir einnig á að hér er um að ræða verðmætt hráefni sem eðlilegra væri að endurnýta. Stofnunin telur því réttara að kanna nánar aðrar leiðir til lausnar á þessu vandamáli. Hér vísar Umhverfisstofnun m.a. til tillagna nefndar um úreldingu, niðurrif og förgun skipa sem skilaði álitum til umhverfisráðherra árið 1999. Umhverfisstofnun er reiðubúin til að senda fulltrúa sína á fund umhverfisnefndar ef þess er óskað.

Virðingarfyllst,

Davíð Egilson
forstjóri

Sigurbjörg Gísladóttir
forstöðumaður